

Ed.

488. Breytingartillögur

[50. mál]

við frv. til 1. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í greininni og í stað sömu orða eða orðsins „Siglingamálastofnunin“ hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: Skipaskoðun ríkisins.
 - b. Í stað orðsins „siglingamál“ komi: Öryggismál skipa.
2. Við 2. gr.
 - a. 6. töluliður orðist svo:
Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi.
 - b. 10. töluliður orðist svo:
Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: skipaskoðunarstjóri.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra skipar fasta starfsmenn stofnunarinnar að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra. Fast starfsfólk Skipaskoðunar ríkisins tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.
Skipaskoðunarmenn og skipamælingamenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra.
Eigi má skipaskoðunarstjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Skipaskoðun ríkisins, hafa á hendi störf, sem eru ósamræmanleg stöðum þeirra og háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Skipaskoðunar ríkisins, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða starfsmenn, eftir nánari ákvörðun í reglugerð, sem ráðherra setur.